

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála
Dagsetning: 23. október 2023
Málsnúmer: FJR23080018
Bréfalykill:

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024, þingskjal
2 – 2. mál.

Í kjölfar fundar fulltrúa skrifstofu skattamála fjármála- og efnahagsráðuneytisins og efnahags- og viðskiptanefndar, þann 21. september sl., óskuðu nefndarmenn eftir skriflegu svari við nokkrum spurningum sínum. Eftirfarandi eru svör ráðuneytisins:

1. Ég óska eftir því að ráðuneytin sendi nefndinni formlega greininguna á hverri og einni tillögu í frumvarpinu sem á að fara fram samkvæmt skilyrðum um stefnumótun stjórnvalda í lögum um opinber fjármál.

Í 14. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, er mælt fyrir um að ráðherra skuli á haustþingi leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár. Í því skuli leita heimilda til útgjalda eftir málefnasviðum og málaflokkum og til hvers konar skuldbindinga A-hluta ríkissjóðs. Í 2. mgr. 14. gr. laganna er tekið fram að áætlun um tekjur A-hluta ríkissjóðs skuli byggjast á opinberum þjóðhagsspám, gildandi lögum og eftir atvikum tengdum frumvörpum sem lögð eru fram samhliða frumvarpi til fjárlaga og er það í samræmi við 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991. Jafnframt er áskilið að ljúka skuli, eftir því sem kostur er, afgreiðslu frumvarpa áður en gengið er til lokaatkvæðagreiðslu um frumvarp til fjárlaga sem skal vera í samræmi við markmið fjármálaáætlunar. Tilgangurinn er að tryggja samræmi milli annars vegar meginforsendna frumvarps til fjárlaga og hins vegar þeirra markmiða sem fram koma í fjármálastefnu og fjármálaáætlun, sbr. 4. og 5. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Þannig skal frumvarp til fjárlaga fylgja markmiðum fjármálaáætlunar, þ.m.t. um gjöld og afkomu ríkissjóðs, auk þeirra ráðstafana og aðgerða sem í fjármálaáætlun eru tilgreindar. Ráðuneytinu er að öðru leyti ekki að fullu ljóst hvað spurt er um.

2. Hvað er áætlað að mörg heimili njóti vaxtabóta árið 2024 með óbreyttum viðmiðum miðað við 2023.

Sé miðað við 9,8% hækkun launavísitölu og óbreyttum viðmiðum til vaxtabóta, má gera ráð fyrir því að fjöldi heimila sem njóta vaxtabóta fari úr 13.195 árið 2023 í um 8.400 heimili árið 2024.

3. Verðmætagjald fiskeldis. Óskað er eftir þeim gögnum og greiningum sem matvælaráðuneyti hefur til grundvallar áformum um hækkun gjaldsins um 630 m.kr. á ári og hvernig þau ríma við tillögur frá Boston Con. Group. Hvaða kostnaðarmat og mat áhrifum hefur farið fram sem og greining á gjaldfærni greinarinnar, áhrif á samkeppnishæfni og samanburði við helstu samkeppnislönd.

Samkvæmt upplýsingum frá matvælaráðuneytinu liggur kostnaðarmat (tekjuáhrif breytinganna) fyrir með greinagerð fjárlagafrumvarpsins. Einnig hefur matvælaráðuneytið og undirstofnanir þess lagt kostnaðarmat á þörf á rannsóknum og eftirlitsskyldum sem nauðsynlegar eru til þess að

starfrækja sjókvíaeldi til þess að ná markmiðum laga um fiskeldi, nr. 71/2008. Þar af leiðandi er talin þörf á að mæta þeim kostnaði sem fylgir auknum rannsóknum og eftirlit til þeirra rekstraráðila sem að þjónustan nær til. Í skýrslu Boston Consulting Group er ítarlega farið yfir mikilvægi þess að styrkja rannsóknir og eftirlit til þess að sjókvíaeldi geti þróast á sjálfbæran hátt. Ekki er lagt upp með að breyta sólarlagsákvæði laganna og því er enn þá verið að taka tillit til þess að sjókvíaeldi er tiltölulega ný atvinnugrein í samanburði við samkeppnislönd s.s. Færeyjar og Noregs. Með skatta- og gjaldabreytingum í þeim löndum, í tengslum við sjókvíaeldi, er Ísland með lægri skatta- og gjaldaumhverfi eða sambærilegt. Ekki er talið líklegt að breytingin skaði samkeppnishæfni sjókvíaeldis á Íslandi þar sem mikil eftirspurn er nú þegar eftir svæðum/leyfum til þess að stunda sjókvíaeldi. Þá má nefna að síðasta haust þegar sambærilegar tillögur voru til umræðu í fjárlagafrumvarpi þá urðu stór viðskipti í greininni, sem bendir til þess að markaðurinn telji samkeppnishæfni greinarinnar á Íslandi góða.

4. Kolefnisgjald. Örstutt um skýringu á því að kolefnisgjöld eru að hækka um 6,4 milljarða króna. Ekki er þetta verðlagsuppfærsla eingöngu?

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2024 kemur fram að gert er ráð fyrir að hækkun kolefnisgjalds verði tæplega 6,5 ma.kr. frá áætlun 2023. Þar af eru um 300 m.kr. vegna hefðbundins endurmats gjaldsins vegna almennra verðlagshækkana, sem að þessu sinni er hóflegt eða 3,5%. Í fjárlagafrumvarpi 2024 er gert ráð fyrir 7,5 ma.kr. auknum tekjum af ökutækjum og eldsneyti á næsta ári. Þar af eru 1,3 ma.kr. af bifreiðagjaldi en í framsetningu tekjuáætlunar í frumvarpinu eru alls 6,2 ma.kr. færðir á kolefnisgjald. Undirbúningur að nýju fyrirkomulagi skattlagningar ökutækja og eldsneytis hefur haldið áfram síðan tekjuáætlun frumvarpsins var gerð og er nú áætlað að nýtt kílómetragjald af fólksbílum, sbr. áform um lagasetningu í samráðsgátt stjórnvalda frá 4. október sl., mál nr. 183/2023, afli ríkinu 3,1 ma.kr. í tekjur á næsta ári. Um leið er gert ráð fyrir að aðrir 3,1 ma.kr. komi til vegna aukinna tekna af kolefnisgjaldi. Frumvörp vegna þessara tveggja mála verða lögð fram á haustþingi. Því gæti orðið breyting við 2. umræðu fjárlaga þar sem kílómetragjaldið verður sett á sér tekjulið.

5. Reiknað verði út hversu miklar tekjur ríkissjóður myndi fá ef tekjuskattur lögaðila yrði þrepaskiptur þannig að hann myndi hækka um 2% á fyrirtæki með skattstofn yfir 100 milljónum króna og 3% á fyrirtæki með skattstofn yfir 500 milljónir króna.

Nýjustu upplýsingar sem liggja fyrir um álagningu tekjuskatts á lögaðila eru frá árinu 2022 vegna rekstrarársins 2021. Ef tekjuskattur lögaðila hefði við þá álagningu verið þrepaskiptur með þeim hætti sem hér er lýst hefðu tekjur ríkissjóðs af skattinum, að öðru óbreyttu, verið 8,6 ma.kr. meiri en raunin var eða 9%.

6. Reiknað verði út hversu miklar tekjur ríkissjóður myndi fá ef bankaskattur yrði aftur hækkaður úr 0,145% í 0,376%, sem er það sem hann var fyrir breytinguna árið 2020.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af sérstökum skatti á fjármálastofnanir, eða bankaskatti, muni nema 6,5 milljörðum kr. Væri skattprósentan hækkuð úr 0,145% í 0,376% má gera ráð fyrir að tekjur af skattinum árið 2024, að öllu öðru óbreyttu, myndu nema 16,8 milljörðum kr. Hér er um einfaldan útreikning að ræða miðað við óbreyttan skattstofn. Áhrif slíkrar skattahækkunar eru þó margslungnari en svo og því líklega um ofmat að ræða. Skattbyrðin leggst ekki að öllu leyti á greiðendur skattsins heldur viðskiptavinum þeirra einnig. Auknar álögur á fjármálastofnanir stuðla að auknum vaxtamun og minni útlánavexti sem hefur áhrif á fleiri skattstofna, þ.m.t. ráðstöfunartekjur lántakenda. Þar að auki leggst skatturinn á skuldir stofnananna og dregur því úr hvata þeirra til að stækka efnahagsreikning sinn og auka útlán. Erfitt er að meta afleiðd áhrif slíkrar skattahækkunar á aðra skattstofna nema að því leyti að þau yrðu neikvæð fyrir tekjur ríkissjóðs og vega því að einhverju leyti gegn tekjuauka af hækkun bankaskattsins sjálfs.